

STJÓRNUN GÆÐAKERFIS VERKMENNTASKÓLANS Á AKUREYRI

Stjórn gæðakerfis skólans, sem er vottað samkvæmt IST EN 9001:2015, fer fram á skipulagðan og kerfisbundinn hátt. Tekið er tillit til þess að Verkmenntaskólinn er annars vegar skóli fyrir "Quality Maritime Education and Training" (QMET) í skilningi IMO, og hins vegar framhaldsskóli í skilningi menntamálayfirvalda.

Listi yfir hugtök sem notuð eru í skjölum gæðahandbókar er að finna í INN-004 Hugtök og skilgreiningar. Þetta skjal lýsir tilgangi og gildissviði gæðakerfisins og á við öll skjöl sem gefin eru út í gæðahandbók.

TILGANGUR MEÐ GÆÐAKERFIS SKÓLANS ER AÐ:

- Tryggja að farið sé eftir lögum og reglugerðum
- Unnið sé eftir samræmdum reglum sem skólinn setur sér
- Frávik séu uppgötuð og úrbætur framkvæmdar
- Stuðla að stöðugum umbótum í öllum rekstri skólans
- Stuðla að því að rekstur skólans verði markviss og traustur og á hverjum tíma gegnsær og rekjanlegur

Gæðahandbók er hluti af gæðakerfiskólans og lýsir því starfsskipulagi og reglum sem viðhafðar eru varðandi rekstur skólans. Tilgangur gæðahandbókar er:

- Að tryggja að stefnur, verklag og önnur gæðaskjöl séu aðgengilega starfsmönnum og hagsmunaaðilum, þar sem við á.
- Að samþykki, útgáfur og breytingar á skjölum og gögnum sem tilheyra gæðakerfinu sé stýrt.
- Að úrelt skjöl og gögn séu ekki í umferð.
- Að við skráningu og vistun gagna og skjala sé farið að lögum og kröfum skólans.

GILDISSVIÐ

Gæðakerfi skólans gildir um alla þætti skólastarfsins með það að markmiði að þjónustan sé markviss og skýr. **Vottun á gæðastjórnunarkerfinu nær hins vegar eingöngu til starfsemi skólans sem veitir starfsréttindi skv brautarlýsingu vélstjórnar.** Gæðastjórnunarkerfið er sett upp til að samræmast kröfum staðalsins **ÍST EN ISO 9001:2015**, að undanteknum köflum:

- 7.1.5.2 Rekjanleiki mælinga
- 8.5.3 Eignir sem tilheyra viðskiptavinum eða ytri veitendum
- 8.5.5 Starfsemi eftir afhendingu.


ÁBYRGÐ

Skólameistari er ábyrgur fyrir gæðastjórnunarkerfi Verkmenntaskólans á Akureyri.

Gæðastjóri er ábyrgur fyrir rekstri og uppfærslu á gæðastjórnunarkerfinu.

SKIPULAG

Skipulag gæðastjórnunarkerfisins er sýnt á eftirfarandi mynd (þar sem skjalalykill viðkomandi efnisflokks kemur fram innan sviga, eins og nánar er tilgreint í VKL-104 Skjalastýring og VKL-105 stýring skjala í gæðakerfi og INN-001 Innihald gæðahandbókar):



SKRÁR

Skrár eru haldnar í samræmi við kröfur staðalsins, eins og fram kemur í VKL-104 Skjalastýring og VKL-105 stýring skjala í gæðakerfi.